

## ÖRYGGISBLAÐ

Útgáfudagur/ útgáfa: 29.5.2018 / 1

Útskriftardagur: 31.5.2018

## 1. VÖRUHEITI OG FRAMLEIÐANDI

Vöruheiti: **Sumarrúðuvökvi -6°C**Framleiðandi: **Mjöll Frigg ehf.**  
Norðurlhella 10  
221 Hafnarfjörður  
Sími: 512 3000  
Fax: 512 3001  
Netfang: [mjollfrigg@mjollfrigg.is](mailto:mjollfrigg@mjollfrigg.is)  
Heimasíða: [www.mjollfrigg.is](http://www.mjollfrigg.is)Slys: Hafið samband við lækni eða Eitrunarmiðstöð Landspítala-háskólasjúkrahúss í síma 543 2222. Hafið meðferðis merkimiða eða þessar öryggisleiðbeiningar ef leita þarf læknis. **Sími Neyðarlínunnar er 112.**

## 2. VARÚÐARUPPLÝSINGAR

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar  
Flokkun samkvæmt Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP/GHS]: Eye Irrit. 2; H319

2.2 Merkingaratriði

Merki: Varúð  
Hættusetningar (CLP): H319 Veldur alvarlegri augnertingu

Varnaðarsetningar (CLP): P280 Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlíf/andlitshlíf. P305 + P351 + P338 BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. P313 Leitið læknis.

## 3. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNIHALD

Innihald (m.a.): Efni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Varnaðarmerki	H-setn.	Styrkur
Etanól (Bioethanol)	67-17-5	200-578-6	F	11	<10%
Ísóprópanól	67-63-0	200-661-7	F	11-36-37	<2%

## 4. SKYNDIHLJÁLÞ

Almennt: Ef að grunur um krankleika eða heilsutjón vaknar leitið þá strax læknis. Hafið þessar leiðbeiningar meðferðis. Fatnaður sem blotnar af efninu er eldfimur.

Inntaka: Gefið strax nokkur glös af mjólk eða vatni, ef hinn slasaði er við fulla meðvitund. Framkallið **ekki** uppköst. Leitið læknis.Snerting við augu: **Mjög mikilvægt!** Skolið strax með vatni að minnsta kosti í 15 mínútur (haldið augnlokunum sundurglenntum), og síðan á sjúkrahús. Augnlæknir.

Innöndun: Ferskt loft, hvíld á hlýjum stað, helst í þægilegri sitjandi stellingu.

## 5. BRUNI/AÐFERÐIR VIÐ AÐ SLÖKKVA ELD

Almennt: Kælið nálægar birgðir af efninu með vatnsúða sé ekki unnt að fjarlægja þær hættulaust.

Brennanleiki: Efnið er eldfimt við upphitun og myndar sprengifima blöndu með andrúmslofti við upphitun.

Slökkviefni: Alkóhólpolin froða, duft eða sambærilegt.

Hættuleg niðurbrots-  
efni við bruna: Kolmónoxíð og koldíoxíð geta myndast.

Hlífðarbúnaður við

slökkvistörf: Hlífðargalli og reykköfunarbúnaður.

## 6. EFNALEKI

**Til verndar fólki:** Stöðvið leka ef það er óhætt,  
**Til verndar umhverfi:** Komið í veg fyrir að varan berist í niðurföll eða mengi grunnvatn eða jarðveg. Safnið leka saman og fargið  
**Hreinsun:** Við lítinn leka er best að skola efninu í niðurfall með miklu vatni.

## 7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

**Meðhöndlun:** Almennar ráðstafanir sem tíðkast við meðhöndlun varasamra efna. Haldið frá hitagjöfum.  
**Geymsla:** Geymist í upprunalegu umbúðunum, lokuðum, á þurrum og vel loftræstum stað, fjarri hitagjöfum þar sem að böm ná ekki til. Æskilegt geymsluhitastig er 5-20°C. Geymslutími a.m.k. eitt ár sé leiðbeiningum um geymsluaðstæður fylgt.

## 8. EFTIRLIT MEÐ MENGUN / PERSÓNULEGUR HLÍFÐARBÚNAÐUR

**Mengunarmörk:** Engin mengunarmörk hafa verið sett fyrir vöruna. Um þau hráefni sem notuð eru í vöruna og getið er í reglugerð 154/1999 um reglur og leiðbeiningar um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum gildir eftirfarandi:

Efni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Meðalgildi	Þakgildi
Etanól	67-17-5	200-578-6	1000 ppm (1900 mg/m <sup>3</sup> )	
Ísóprópanól	67-63-0	200-661-7	200 ppm (490 mg/m <sup>3</sup> )	

**Tæknilegar öryggisráðstafanir:** Tryggið góða loftræstingu. Öryggissturta og augnskolonartæki þurfa að vera tiltæk.

**Persónuhlífar:**  
-Öndunargrímur: Öndunarbúnaður er ekki þörf við venjulegar aðstæður.  
-Augu: Mælt er með notkun Öryggisglæraugna eða andlitshlífar.

## 9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

**Ástand og útlit:** Blár, tær vökvi.  
**Lykt:** Sítrónuilmur.  
**Suðumark [°C] :** ~ 86.  
**Blossamark [°C]:** ~ 42.  
**Bræðslumark [°C]:** ~ -7.  
**Hætta á sjálfíkveikju:** >400 °C  
**Eldnærandi eiginleikar:** Já.  
**Eðlisþyngd [kg/m<sup>3</sup>]:** 995 ± 5.  
**Leysanleiki í vatni:** Leysist í öllum hlutföllum.  
**Leysanleiki í öðrum leysiefnum:** Leysist í flestum lífrænum leysum.

## 10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

**Stöðugleiki:** Varan er stöðug við tilætlaða notkun, og réttar geymsluaðstæður. Forðist hita og beint sólarljós.  
**Efni sem skal varast:** Oxunarmiðlar, m.a. perklórat, perklórsýra, asetýl klóríð, krómoxíð, vetnisperoxíð, saltþétursýra, ýmis nitratsambönd platínu og kalíum.  
**Hættuleg niðurbrots-efni:** Við bruna getur kolmónoxíð og koldíoxíð myndast.

## 11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

**Almennt:** Eftirfarandi upplýsingar byggja á upplýsingum frá framleiðanda innihaldsefna vörunnar.

<b>Innöndun:</b>	Við mikla þéttni getur valdið höfuðverk, svima, sljóleika, ógleði, og meðvitundarleysi. Gufur valda ertingi í hálsi og lungum og geta valdið lungnaskemmdum.
<b>Augu:</b>	Getur valdið ertingu.
<b>Inntaka:</b>	Getur haft áhrif á miðtaugakerfi. Getur valdið höfuðverk, svima, sljóleika, ógleði og meðvitundarleysi. Getur valdið innvortis skemmdum.
<b>Heilsuhætta:</b>	Inntaka
<i>Efni</i>	<i>LD50<sub>rotta</sub> mg/kg</i>
Etanól	14000
Ísóprópanól	2000

## 12. HÆTTUR GAGNVART UMHVERFINU

Engar upplýsingar liggja fyrir um vöruna sjálfa en ekki er talið að innihaldsefni hennar safnist fyrir í lífkeðjunni samkvæmt upplýsingum framleiðanda.

## 13. FÖRGUN

Forðist losun út í umhverfið. Fargið úrgangi og leifum í samræmi við kröfur á hverjum stað. Hafið samband við framleiðanda eða spilliefnamóttöku ef um mikið magn er að ræða. Umbúðir skal tæma vel áður en þær eru endurunnar eða þeim fargað. Gallaða vöru á að senda til framleiðanda. Að öðru leit er vísað í reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

## 14. FLUTNINGUR

Fellur ekki undir **ADR, IMDG eða DGR**

## 15. UPPLÝSINGAR UM LÖG, REGLUGERÐIR EÐA REGLUR

Reglugerð nr. 1907/2006 og síðan 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir er varða efni (efnareglur REACH). Breytingar sem gerðar voru á II viðauka REACH reglugerðar með EB reglugerð nr. 453/2010 til að samræma kröfurnar við nýjar reglur um flokkun og merkingu (CLP reglugerðin 1272/2008). Reglugerð EB nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, sem breytir og kemur í stað tilskipana 67/548/EBE og 1999/45/EB, og breytir reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH). Reglugerðir EB nr. 790/2009 og 286/2011 um breytingar á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 í því skyni að laga hana að tækniframförum. Rúðuhreinsir Síða 6 af 7 Lög nr. 61/2013 - Efnalög meginmarkmið þeirra er að tryggja öryggi neytenda við meðferð á efnum og efnablöndum þannig að þau valdi ekki tjóni á heilsu manna, dýra eða umhverfi

## 16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

**Útgáfudagur:** 29.05.2018

**Útgáfa:** 1.

**Höfundur:** Richard Kristinsson

Þessar öryggisleiðbeiningar eru samdar með það í huga að koma á framfæri heilsu-, öryggis- og umhverfisupplýsingum er lúta að meðhöndlun og notkun vörunnar.

Þær upplýsingar sem fram koma eru byggðar á gögnum sem framleiðandi telur áreiðanleg. Sum þessara gagna eru látin í té af hráefnaframleiðendum og því getur framleiðandi ekki ábyrgst að þau séu í alla staði rétt.

Framleiðandi getur ekki stjórnað eða haft vitneskju um aðstæður og aðferðir við meðhöndlun, geymslu, notkun eða förgun vörunnar eftir að hún hefur verið seld kaupanda. Af þessum ástæðum tekur framleiðandi ekki ábyrgð á slysum eða öðru tjóni sem rekja má til eða er á einhvern annan hátt tengt meðhöndlun, geymslu eða notkun vörunnar.

Þessar öryggisleiðbeiningar voru einungis samdar fyrir þessa tilteknu vöru og því á einungis að nota þær í því sambandi. Sé varan blönduð öðrum efnum eða hún notuð sem hluti af annarri vöru er mögulegt að þessar öryggisleiðbeiningar séu ekki lengur viðeigandi.